



Borgarráð

Reykjavík, 2. desember 2024

MSS24110197

### Jólagjöf til starfsfólks Reykjavíkurborgar 2024

Lagt er til að Reykjavíkurborg gefi öllu starfsfólki sínu gjafakort og að starfsfólk hafi val á milli tveggja gjafakorta í jólagjöf árið 2024. Annars vegar getur það valið gjafakort fyrir tvo á sýningar í Borgarleikhúsinu og hins vegar gjafakort hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Heildarkostnaður við jólagjöfina er 69 m.kr. og færist af liðnum 09126 Launa- og starfsmannakostnaður.

#### *Greinargerð:*

Hjá Reykjavíkurborg vinna tæplega tólf þúsund einstaklingar við margvísleg störf í þágu borgarbúa og sinna þeim af alúð og áhuga. Ein af þeim leiðum sem vinnustaðir hafa til þess að sýna starfsfólki sínu þakklæti í verki er að gefa því jólagjafir. Gildi jólagjafa er margþætt. Með því sýnir borgin þakklæti sitt til starfsfólks í verki og skapar um leið jákvætt viðhorf starfsmanna gagnvart vinnustaðnum. Slíkt er mikilvægt, ekki síst á tímum þar sem, skortur er á starfsfólki í ýmis störf og hörð samkeppni er um hæft starfsfólk.

Borgarleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands eru tvær af lykil menningarstofnunum landsins og bjóða á hverju ári upp á fjölbreyttar leiksýningar og tónleika við allra hæfi. Því er lagt til að borgarráð samþykki að jólagjöf Reykjavíkurborgar árið 2024 til starfsfólks borgarinnar verði gjafakort, annars vegar fyrir tvo á sýningar í Borgarleikhúsinu og hinsvegar gjafakort hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og starfsfólk geti valið þar á milli.

Útgjöldin rúmast innan fjárheimilda á kostnaðarstað 09126 Launa- og starfsmannakostnaður.

Gleðileg jól

Einar Þorsteinsson



Reykjavík